**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2178** **2023/EES/45/02**

**frá 6. júlí 2021**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 ([1]), einkum 4. mgr. 8. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 er þess að krafist að fyrirtæki sem falla undir 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([2]) birti hvernig og að hvaða marki starfsemi þeirra tengist umhverfissjálfbærri atvinnustarfsemi. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 er þess krafist að fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði birti upplýsingar um hlutfall veltu, fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar („lykilárangursmælikvarðar“) af starfsemi þeirra í tengslum við eignir eða ferli sem varða umhverfissjálfbæra atvinnustarfsemi. Í því ákvæði eru þó ekki tilgreindir jafngildir árangursmælikvarðar fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði, þ.e. lánastofnanir, eignastýringaraðila, verðbréfafyrirtæki og vátrygginga- og endurtryggingafélög. Því er nauðsynlegt að bæta við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 í því skyni að tilgreina lykilárangursmælikvarða fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði og tilgreina nánar inntak og framsetningu upplýsinganna sem öll fyrirtæki skulu birta og aðferðafræðina við að fara að þeirri birtingu.

2) Nauðsynlegt er að tryggja samræmda beitingu krafna um upplýsingagjöf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði og falla undir 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB. Því ætti að setja reglur sem tilgreina nánar inntak og framsetningu upplýsinganna sem krafist er skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þ.m.t. aðferðafræðina við að fara að þessum reglum. Til að gera fjárfestum og almenningi kleift að meta á tilhlýðilegan hátt hlutfall umhverfissjálfbærrar atvinnustarfsemi („Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu“) fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði ættu þessi fyrirtæki að þurfa birta upplýsingar um hvaða atvinnustarfsemi þeirra fellur að flokkunarkerfinu. Þar að auki er nauðsynlegt að birta upplýsingar um að hvaða almennu umhverfismarkmiðum þessi starfsemi stuðlar efnislega að. Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði ættu því einnig að leggja fram sundurliðun lykilárangursmælikvarða þess hluta starfseminnar sem fellur að flokkunarkerfinu, á grundvelli sérhvers umhverfismarkmiðs sem þessi starfsemi styður verulega við.

3) Velta, fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður skiptir ekki máli við mat á umhverfislegri sjálfbærni fjármálastarfsemi, þ.m.t. lánveiting, fjárfesting og vátrygging. Þrír lykilárangursmælikvarðar fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eru því ekki viðeigandi til að sýna fram á að hvaða marki atvinnustarfsemi fjármálafyrirtækja fellur að flokkunarkerfinu. Því er nauðsynlegt að kveða á um sérstaka árangursmælikvarða og útreikningsaðferðir fyrir þessa lykilárangursmælikvarða fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði. Til að stuðla að skilningi markaðarins á þessum lykilárangursmælikvörðum ættu eigindlegar upplýsingar að fylgja birtingu þessara lykilárangursmælikvarða til að gera fyrirtækjum á fjármálamarkaði kleift að útskýra ákvörðun sína á lykilárangursmælikvörðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 24, 23.3.2023, bls. 33.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

4) Fjárfestar og almenningur ættu að geta metið hvaða hlutfall atvinnustarfsemi félaga sem fjárfest er í fellur að flokkunarkerfinu. Eignastýringaraðilar ættu því að birta hlutfall fjárfestinga í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu af virði allra fjárfestinga sem þeir stýra, bæði að því er varðar sameiginlega og einstaklingsmiðaða stýringu eignasafns. Hlutfall fjárfestinga sem fellur að flokkunarkerfinu ætti því að reikna sem hlutfall atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu félaga sem fjárfest er í, sem leiðir af viðkomandi lykilárangursmælikvörðum þeirra, þar sem þessir lykilárangursmælikvarðar endurspegla umhverfisárangur félaga sem fjárfest er í.

5) Meginstarfsemi lánastofnana er veiting fjármögnunar og fjárfestingar í raunhagkerfinu. Áhættuskuldbindingar lánastofnana vegna fyrirtækja sem þær fjármagna eða fjárfesta í eru settar fram sem eignir á efnahagsreikningi lánastofnananna. Lykilárangursmælikvarðar fyrir lánastofnanir sem falla undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, ættu að vera hlutfall grænna eigna (e. *green asset ratio*, GAR), sem sýnir hlutfall áhættuskuldbindinga sem tengjast starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu í samanburði við heildareignir þessara lánastofnana. Hlutfall grænna eigna ætti að tengjast helstu lána- og fjárfestingarviðskiptum lánastofnananna, þ.m.t. lánum, fyrirgreiðslum og skuldagerningum, og hlutabréfaeignum þeirra til að endurspegla að hvaða marki þessar stofnanir fjármagna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.

6) Lánastofnunanir veita einnig aðra viðskiptaþjónustu og stunda aðra starfsemi en fjármögnun. Þessi starfsemi skilar þóknunum og umboðstekjum. Nauðsynlegt er að gera fjárfestum og almenningi kleift að meta hlutfall atvinnustarfsemi, sem fellur að flokkunarkerfinu, sem viðtakendur þessarar þjónustu leggja stund á. Lánastofnanir sem falla undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, ættu því einnig að birta hvaða hlutfall þóknana og umboðstekna þeirra er vegna viðskiptaþjónustu og -starfsemi sem tengist atvinnustarfsemi viðskiptavina þeirra sem fellur að flokkunarkerfinu.

7) Lánastofnanir geta stýrt undirliggjandi eignum eða veitt fjárhagslegar tryggingar sem hefur í för með sér áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings. Til að gera fjárfestum og almenningi kleift að meta hlutfall starfsemi lánastofnana sem fellur að flokkunarkerfinu, að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings, ættu lánastofnanir sem falla undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, að birta hlutfall starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu fyrir undirliggjandi eignir sem þær stýra eða fyrir skuldbindingar sem þær ábyrgjast.

8) Til viðbótar við birtingu upplýsinga varðandi veltubók þeirra ættu lánastofnanir sem falla undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, einnig að birta aðskilið heildarsamsetningu heildareigna sinna, þ.m.t. veltubókina, og allar stefnur og takmarkanir að því er varðar loftslags- og umhverfisáhættu. Lánastofnanir sem stunda veruleg veltuviðskipti ættu að falla undir skuldbindingar um ítarlegri birtingarskyldu að því er varðar veltubókina.

9) Mikilvægt er að veita fjárfestum og almenningi heildaryfirsýn yfir fjárfestingar verðbréfafyrirtækis sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, í starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Lykilárangursmælikvarðarnir fyrir slík verðbréfafyrirtæki ættu því að ná yfir bæði viðskipti þeirra fyrir eigin reikning og viðskipti þeirra fyrir hönd viðskiptavina. Upplýsingarnar um lykilárangursmælikvarða fyrir viðskipti fyrir eigin reikning ættu að endurspegla hvaða hlutfall heildareignanna er í eignum sem tengjast starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sá mælikvarði ætti að miðast við fjárfestingar verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. verðbréf og hlutabréfagerninga, í fyrirtækjum sem fjárfest er í. Lykilárangursmælikvarði fyrir umhverfislega sjálfbærni þjónustu og starfsemi verðbréfafyrirtækja fyrir hönd allra viðskiptavina þeirra ætti að grundvallast á tekjum í formi þóknana, umboðslauna og annars fjárhagslegs ávinnings sem verðbréfafyrirtæki hafa af fjárfestingarþjónustu sinni og -starfsemi sem þau annast fyrir hönd viðskiptavina.

10) Lykilárangursmælikvarðarnir fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem falla undir birtingarskyldurnar sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB ættu að fanga skaðatryggingastarfsemi þeirra og fjárfestingarstefnu sem er hluti af viðskiptalíkani þeirra til að sýna að hvaða marki þessi starfsemi fellur að flokkunarkerfinu. Einn lykilárangursmælikvarði ætti að tengjast fjárfestingarstefnu slíkra vátrygginga- og endurtryggingafélaga varðandi fjármagn sem þeir innheimta í gegnum tryggingastarfsemi sína og ætti að sýna hlutfall eigna sem fjárfest er í starfsemi

sem fellur að flokkunarkerfinu af heildareignum þeirra. Annar vísir ætti að tengjast tryggingastarfseminni sjálfri og sýna hvaða hlutfall af allri skaðatryggingastarfseminni er skaðatryggingastarfsemi sem tengist loftslagsaðlögun og ástunduð í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ([3]) („Framseld loftslagsgerð“).

11) Fyrirtæki á fjármálamarkaði sem falla undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, ættu hvorki að taka tillit til áhættuskuldbindinga gagnvart, né fjárfestinga í, fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla ekki undir 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, þegar þau reikna út teljara lykilárangursmælikvarða. Taka má til athugunar að hafa slíkar áhættuskuldbindingar með í teljaranum við endurskoðun á þessari framseldu gerð, sem mat á áhrifum mun fylgja. Þau fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði geta áfram ákveðið að birta að eigin frumkvæði lykilárangursmælikvarða sína, annaðhvort til að hafa aðgang að umhverfislega sjálfbærri fjármögnun sem hluta af sérstakri umhverfismerkingaráætlun og umhverfislega sjálfbærum fjármálaafurðum, eða sem hluta af heildarviðskiptaáætlun þeirra sem byggir á umhverfissjálfbærni.

12) Í ljósi gildistöku og framkvæmdar á framseldu loftslagsgerðinni fyrir lok árs 2021 og verulegra vandkvæða við að meta hlítingu atvinnustarfsemi við hana árið 2022 með tæknilegum matsviðmiðum, sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð fyrir fyrra skýrslugjafarár, ætti að takmarka beitingu þessarar reglugerðar á árinu 2022 við tiltekna þætti og eigindlega skýrslugjöf, þar sem eftirstandandi ákvæði taka gildi frá 1. janúar 2023 fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og frá 1. janúar 2024 fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði. Þar að auki ættu lykilárangursmælikvarðar lánastofnana í tengslum við veltubók þeirra og umboðslaun og þóknanir fyrir aðra viðskiptaþjónustu og -starfsemi en veitingu fjármögnunar að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

13) Vegna skorts á viðeigandi reikningsaðferð ætti að undanskilja áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda frá útreikningnum á teljara og nefnara lykilárangursmælikvarða. Fyrirtæki á fjármálamarkaði geta, að eigin frumkvæði, veitt upplýsingar um áhættuskuldbindingar vegna skuldabréfa og skuldagerninga sem falla að flokkunarkerfinu, og gefin eru út af ríkisstjórnum, seðlabönkum eða yfirþjóðlegum útgefendum. Endurskoðun ætti að fara fram eigi síðar en 30. júní 2024 þar sem leggja ætti mat á möguleika á að fella slíkar áhættuskuldbindingar inn í lykilárangursmælikvarðana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „umhverfismarkmið“: eitt af almennu umhverfismarkmiðunum sem mælt er fyrir um í 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2020/852,

2) „atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

3) „umbreytingaratvinnustarfsemi“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

4) „atvinnustarfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtíð. L 442, 9.12.2021, bls. 1).

5) „atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir“: atvinnustarfsemi sem lýst er í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) í reglugerð (ESB) 2020/852, án tillits til þess hvort viðkomandi atvinnustarfsemi uppfyllir einhver eða öll tæknilegu matsviðmiðin sem mælt er fyrir um í þessum framseldu gerðum,

6) „atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir“: atvinnustarfsemi sem ekki er lýst í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) í reglugerð (ESB) 2020/852,

7) „eignastýringaraðili“: fyrirtæki sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og er eitthvert af eftirfarandi:

a) rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 4 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/EB ([4]),

b) rekstrarfélag eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([5]),

c) fjárfestingarfélag sem hefur starfsleyfi í samræmi við 27., 28. og 29. gr. tilskipunar 2009/65/EB og sem ekki hefur tilnefnt rekstrarfélag, sem hefur starfsleyfi í samræmi við 6., 7. og 8. gr. þeirrar tilskipunar, til að sjá um stýringu.

8) „fyrirtæki á fjármálamarkaði“: fyrirtæki sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og er eignastýringaraðili, lánastofnun eins og skilgreint er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([6]), verðbréfafyrirtæki eins og skilgreint er í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, vátryggingafélag eins og skilgreint er í 1. lið 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([7]) eða endurtryggingafélag eins og skilgreint er í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

9) „fyrirtæki sem ekki er á fjármálamarkaði“: fyrirtæki sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og er ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og skilgreint er í 8. lið,

10) „vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu“: vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi sem uppfyllir viðmiðin sem mælt er fyrir um í þáttum 10.1 og 10.2. í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139.

*2. gr.*

**Upplýsingagjöf fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði**

1. Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal setja fram í töflum með því að nota sniðmátin sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

---

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

*3. gr.*

**Upplýsingagjöf eignastýringaraðila**

1. Eignastýringaraðilar skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eins og tilgreindar eru í III. og XI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal setja fram í töflum með því að nota sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

**Upplýsingagjöf lánastofnana**

1. Lánastofnanir skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eins og tilgreint er í V. og XI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal setja fram í töflum með því að nota sniðmátið sem sett er fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

*5. gr.*

**Upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja**

1. Verðbréfafyrirtæki skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eins og tilgreint er í VII. og XI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal setja fram í töflum með því að nota sniðmátið sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

*6. gr.*

**Upplýsingagjöf vátrygginga- og endurtryggingafélaga**

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eins og tilgreint er í IX. og XI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal setja fram í töflum með því að nota sniðmátin sem sett eru fram í X. viðauka við þessa reglugerð.

*7. gr.*

**Reglur um upplýsingagjöf sem eru sameiginlegar fyrir öll fyrirtæki á fjármálamarkaði**

1. Undanskilja skal áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda frá útreikningnum á teljara og nefnara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

2. Undanskilja skal afleiður úr teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

3. Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja sem ekki er skylt að birta ófjárhagslegar upplýsingar, skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, skal undanskilja úr teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

4. Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. skal taka umhverfissjálfbær skuldabréf eða skuldagerninga sem hafa þann tilgang að fjármagna sérstaka tilgreinda starfsemi, sem gefin eru út af félagi sem fjárfest er í, með í teljara lykilárangursmælikvarða upp að fullu virði atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, sem afraksturinn af þessum skuldabréfum og skuldagerningum fjármagnar, á grundvelli upplýsinga sem félag sem fjárfest er í veitir.

Áhættuskuldbindingar sem ekki hafa þann tilgang að fjármagna sérstaka tilgreinda starfsemi skal taka með í teljarann, vegnar eftir lykilárangursmælikvarða fyrir veltu og árangursmælikvarða fyrir fjárfestingargjöld útgefandans í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í III., V., VII. og IX. viðauka.

Ef félag sem fjárfest er í hefur gefið út umhverfissjálfbær skuldabréf eða skuldagerninga í þeim tilgangi að fjármagna sérstaka tilgreinda starfsemi skulu fyrirtæki á fjármálamarkaði lækka lykilárangursmælikvarða félagsins sem fjárfest er í með viðeigandi hætti til að komast hjá tvítalningu.

5. Ef tæknilegu matsviðmiðunum sem mælt er fyrir um í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852 er breytt, skulu lán í sérstökum tilgangi og gerningarnir sem um getur í 4. mgr., sem eru í eigu fyrirtækja á fjármálamarkaði sem fjármagna atvinnustarfsemi eða eignir sem falla að flokkunarkerfinu, ef samræming fjármögnuðu atvinnustarfseminnar eða eignanna við breyttu tæknilegu matsviðmiðin er ekki fyrir hendi, tilkynnt sem slík samkvæmt þessari reglugerð þar til fimm ár eru liðin frá þeim degi þegar framseldu gerðirnar sem breyta þessum tæknilegu matsviðmiðunum koma til framkvæmda.

6. Fyrirtæki á fjármálamarkaði skulu setja fram sundurliðun í nefnaranum, eftir atvikum, og teljaranum á lykilárangursmælikvörðunum fyrir:

a) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði,

b) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum á fjármálamarkaði,

c) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði, sem komið er á fót í Sambandinu og falla ekki undir skyldu um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB,

d) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum á fjármálamarkaði, sem komið er á fót í Sambandinu og falla ekki undir skyldu um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. í tilskipun 2013/34/ESB, sem um getur í 2. mgr.,

e) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði, sem komið er á fót í þriðja landi og falla ekki undir skyldu um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB,

f) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum á fjármálamarkaði, sem komið er á fót í þriðja landi og falla ekki undir skyldu um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB,

g) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, afleiðum,

h) aðrar áhættuskuldbindingar og fjárfestingar.

7. Fyrirtæki á fjármálamarkaði geta notað áætlanir til að meta hversu áhættuskuldbindingar þeirra vegna fyrirtækja, sem um getur í e- og f-lið 6. mgr., eru fallnar að flokkunarkerfinu, ef þessi fyrirtæki á fjármálamarkaði geta sýnt fram á að farið sé að öllum viðmiðunum í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, fyrir utan viðmiðin sem mælt er fyrir um í b-lið 3. gr. þeirrar reglugerðar.

Fyrirtæki á fjármálamarkaði skulu formgera, skjalfesta og birta opinberlega aðferðafræðina sem slíkar áætlanir byggjast á, þ.m.t. um nálgunina og greiningaraðferðina, helstu forsendur og varúðarreglur sem stuðst er við.

Fyrirtæki á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingar um:

a) hlutfall áhættuskuldbindinga sem falla að flokkunarkerfinu á grundvelli áætlana sem aðgreindar eru frá lykilárangursmælikvörðum þeirra sem birtir eru samkvæmt þessari reglugerð,

b) ráðstafanir sem gripið hefur verið til og tímann sem nauðsynlegur er til að sýna fram á að farið sé að viðmiðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

*8. gr.*

**Reglur um upplýsingagjöf sem eru sameiginlegar fyrir öll fyrirtæki á fjármálamarkaði og fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði**

1. Fyrirtæki á fjármálamarkaði og fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu taka allar viðbótarupplýsingar sem fylgja lykilárangursmælikvörðunum, sem mælt er fyrir um í I., III., V., VII. og XI. viðauka, með í sömu hluta skýrslunnar yfir ófjárhagsleg atriði sem innihalda þessa mælikvarða, eða setja inn millivísanir í þá hluta skýrslunnar yfir ófjárhagsleg atriði sem innihalda þessa mælikvarða.

2. Upplýsingar sem birtar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu ná yfir árleg reikningsskilatímabil frá næstliðnu almanaksári fyrir dagsetninguna á birtingu upplýsinga.

3. Fyrirtæki á fjármálamarkaði og fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu setja fram í skýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði lykilárangursmælikvarða sem ná yfir næstliðið árlegt reikningsskilatímabil.

Að því er varðar þessa málsgrein tekur fyrsta árlega reikningsskilatímabilið til ársins 2023.

4. Fyrirtæki á fjármálamarkaði og fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu í birtingu upplýsinga nota sama gjaldmiðil og í reikningsskilum sínum.

Fyrirtæki á fjármálamarkaði skulu nota nýjustu aðgengilegu gögn og lykilárangursmælikvarða mótaðila sinna til að reikna út eigin helstu árangursmælikvarða.

5. Lykilárangursmælikvarðar skulu einungis taka til markmiðanna um mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum þar til 12 mánuðir eru liðnir frá dagsetningunni þegar framseldu reglugerðirnar, sem innihalda tæknilegu matsviðmiðin fyrir umhverfismarkmiðin og hafa verið samþykkt skv. 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852, koma til framkvæmda.

*9. gr.*

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 30. júní 2024. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta þörfina á frekari breytingum að því er varðar að fella inn:

a) áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka í nefnara og teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði,

b) áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja sem birta ekki skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB í teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

2. Endurskoðuninni á áhættuskuldbindingum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal fylgja áhrifamat, sem tekur til stjórnsýslubyrði, aðgengis að fjármögnun og mögulegra áhrifa á lítil og meðalstór fyrirtæki af mögulegri rýmkun til að ná yfir áhættuskuldbindingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki falla undir þessa framseldu reglugerð, eða veita slíkar upplýsingar að eigin frumkvæði.

3. Áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum sem birta ekki skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, en veita slíkar jafngildar upplýsingar að eigin frumkvæði, má hafa með í teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði frá 1. janúar 2025 með fyrirvara um jákvætt mat sem um getur í 2. mgr.

*10. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022 skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði einungis birta upplýsingar um hlutfall atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir og atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir í heildarveltu sinni, fjárfestingar- og rekstrargjöldum og eigindlegu upplýsingarnar sem um getur í þætti 1.2 í I. viðauka sem eiga við um þessa birtingu upplýsinga.

3. Frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023 skulu fyrirtæki á fjármálamarkaði einungis birta:

a) hlutfall áhættuskuldbindinga vegna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir og atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir af heildareignum þeirra,

b) hlutfall áhættuskuldbindinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr. af heildareignum þeirra,

c) hlutfall áhættuskuldbindinganna sem um getur í 3. mgr. 7. gr. af heildareignum þeirra,

d) eigindlegu upplýsingarnar sem um getur í XI. viðauka.

Lánastofnanir skulu einnig birta upplýsingar um hlutfall viðskiptasafns og millibankalána, sem eru til greiðslu þegar krafist er, af heildareignum þeirra.

Vátrygginga- endurtryggingafélög skulu einnig birta upplýsingar um hlutfall atvinnustarfsemi á sviði skaðatrygginga sem flokkunarkerfið nær yfir og atvinnustarfsemi á sviði skaðatrygginga sem flokkunarkerfið nær ekki yfir.

4. Lykilárangursmælikvarða fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði, þ.m.t. allar meðfylgjandi upplýsingar sem skal birta skv. I. og II. viðauka við þessa reglugerð, skal birta frá og með 1. janúar 2023.

5. Lykilárangursmælikvarða fyrirtækja sem eru á fjármálamarkaði, þ.m.t. allar meðfylgjandi upplýsingar sem skal birta skv. III., V., VII., IX. og XI. viðauka við þessa reglugerð, skal birta frá og með 1. janúar 2024.

Þættir 1.2.3 og 1.2.4 í V. viðauka skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Lykilárangursmælikvarðar fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði**

## 1. Innihald lykilárangursmælikvarða sem fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta

### 1.1. *Forskrift fyrir lykilárangursmælikvarða (KPI)*

#### 1.1.1. Lykilárangursmælikvarði í tengslum við veltu (turnover KPI)

Hlutfall veltu sem um getur í a-lið 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 skal reikna út sem þann hluta hreinnar veltu vegna afurða eða þjónustu, þ.m.t. óefnislegra, sem tengist atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (teljari), deilt með hreinni veltu (nefnari) eins og skilgreint er í 5. lið 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Veltan skal ná yfir tekjur sem færðar eru skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1 eins og hann var innleiddur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([1]).

Í lykilárangursmælikvarðanum sem um getur í fyrstu undirgrein skal undanskilja úr teljaranum þann hluta hreinnar veltu sem leiðir af afurðum og þjónustu sem tengist atvinnustarfsemi sem hefur verið aðlöguð að loftslagsbreytingum í samræmi við a-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og í samræmi við II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 nema þessi starfsemi:

a) teljist vera starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 eða

b) falli sjálf að flokkunarkerfinu.

#### 1.1.2. Lykilárangursmælikvarðar í tengslum við fjárfestingargjöld (CapEx) (CapEx KPI)

Hlutfall fjárfestingargjalda sem um getur í b-lið 2. mgr. 8. gr. í reglugerð (ESB) 2020/852 skal reikna út sem teljarann deilt með nefnaranum eins og tilgreint er í liðum 1.1.2.1 og 1.1.2.2 í þessum viðauka.

##### 1.1.2.1. Nefnari

Nefnarinn skal ná yfir viðbætur við efnislegar og óefnislegar eignir á viðkomandi fjárhagsári fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, þ.m.t. þær sem eru afleiðing endurmats og virðisrýrnunar, fyrir viðkomandi fjárhagsár og að undanskildum breytingum á gangvirði. Nefnarinn skal einnig ná yfir viðbætur við efnislegar og óefnislegar eignir vegna sameiningar fyrirtækja.

Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði en beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS), eins og þeir voru samþykktir með reglugerð (EB) nr. 1126/2008, skulu fjárfestingargjöld ná yfir kostnað sem færður er á grundvelli:

a) i. og iii. liðar e-liðar 73. mgr. IAS-staðals 16, varanlegir rekstrarfjármunir,

b) i. liðar e-liðar 118. mgr. IAS-staðals 38, óefnislegar eignir,

c) a- og b-liðar 76. mgr. IAS-staðals 40, fjárfestingareignir (fyrir gangvirðislíkanið),

d) i. og ii. liðar d-liðar 79. mgr. IAS-staðals 40, fjárfestingareignir (fyrir kostnaðarverðslíkanið),

e) b- og e-lið 50. mgr. IAS-staðals 41, landbúnaður,

f) h-lið 53. mgr. IFRS-staðals 16, leigusamningar.

Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði en beita landsbundnum góðum reikningsskilavenjum (GAAP) skulu fjárfestingargjöld ná yfir kostnaðinn sem færður er samkvæmt gildandi góðum reikningsskilavenjum er samsvara kostnaðinum sem fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og nota alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) taka með í fjárfestingargjöldin.

Leigusamningar sem ekki hafa í för með sér færslu á nýtingarrétti eignarinnar skulu ekki teljast vera fjárfestingargjöld.

---

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

1.1.2.2. Teljari

Teljarinn jafngildir þeim hluta fjárfestingargjalda sem tekin eru með í nefnarann fyrir eitthvað af eftirfarandi:

a) í tengslum við eignir eða ferli sem tengjast atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu,

b) er hluti af áætlun um að útvíkka atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eða til að gera atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir kleift að falla að flokkunarkerfinu („fjárfestingargjaldaáætlun“) að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í annarri undirgrein þessa liðar 1.1.2.2,

c) í tengslum við kaup á afurðum frá atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og einstakar ráðstafanir sem gera markstarfseminni kleift að verða lágkolefnisstarfsemi eða leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda, einkum starfsemi sem skráð er í liðum 7.3 til 7.6 í I. viðauka við framseldu loftslagsgerðina, sem og önnur atvinnustarfsemi sem skráð er í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) í reglugerð (ESB) 2020/852 og að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé komið í framkvæmd og tilbúnar til notkunar innan 18 mánaða.

Fjárfestingargjaldaáætlunin sem um getur í fyrstu málsgrein þessa liðar 1.1.2.2 skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) áætlunin miðar annaðhvort að því að útvíkka atvinnustarfsemi fyrirtækis sem fellur að flokkunarkerfinu eða að því að uppfæra atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir til að fella hana að flokkunarkerfinu innan fimm ára,

b) áætlunina skal birta á samtölustigi eftir atvinnustarfsemi og samþykkt af stjórn fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði annaðhvort beint eða með framsali.

Ef tæknilegu matsviðmiðunum er breytt áður en fjárfestingargjaldaáætluninni er lokið skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði annaðhvort uppfæra áætlunina innan tveggja ára til að tryggja að atvinnustarfsemin sem um getur í a-lið sé samhæfð að breyttu tæknilegu matsviðmiðunum við lok áætlunarinnar eða setja fram nýjan teljara lykilárangursmælikvarðans fyrir fjárfestingargjöldin. Við uppfærslu áætlunarinnar skal endurræsa tímabilið sem um getur í a-lið. Tímabilið sem um getur í a-lið annarrar málsgreinar þessa liðar 1.1.2.2 getur einungis verið lengra en fimm ár ef unnt er að rökstyðja lengra tímabil á hlutlægan hátt með sérkennum hlutaðeigandi atvinnustarfsemi og uppfærslu, en að hámarki 10 ár. Rökstuðningurinn skal settur fram í sjálfri fjárfestingargjaldaáætluninni og í samhengisbundnu upplýsingunum, sem er nánar lýst í lið 1.2.3 í þessum viðauka.

Ef fjárfestingargjaldaáætlunin uppfyllir ekki skilyrðin sem um getur í annarri málsgrein þessa liðar 1.1.2.2 skal setja fram aftur áður birta lykilárangursmælikvarða sem tengjast fjárfestingargjöldum.

Teljarinn skal einnig innihalda þann hluta fjárfestingargjaldanna fyrir aðlögun á atvinnustarfsemi að loftslagsbreytingum í samræmi við II. viðauka við þessa framseldu loftslagsgerð. Teljarinn skal innihalda sundurliðun á þeim hluta fjárfestingargjaldanna sem úthlutað er til verulegs framlags til aðlögunar að loftslagsbreytingum.

1.1.3. Lykilárangursmælikvarðar fyrir rekstrargjöld (OpEX KPI)

Hlutfall rekstrargjalda sem um getur í b-lið 2. mgr. 8. gr. í reglugerð (ESB) 2020/852 skal reikna út sem teljarann deilt með nefnaranum eins og tilgreint er í liðum 1.1.3.1 og 1.1.3.2 í þessum viðauka.

1.1.3.1. Nefnari

Nefnarinn skal ná yfir beinan kostnað sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir, og öll önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi og skilvirka starfrækslu slíkra eigna.

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði sem beita góðum reikningsskilavenjum og eignfæra ekki eignir sem þau eiga rétt á að nota skulu taka með leigukostnað í rekstrargjöldin til viðbótar við kostnaðinn sem skráður er í fyrstu undirgrein liðar 1.1.3.1 í þessum viðauka.

1.1.3.2. Teljari

Teljarinn jafngildir þeim hluta rekstrarkostnaðarins sem tekinn er með í nefnarann fyrir eitthvað af eftirfarandi:

a) í tengslum við eignir eða ferli sem tengjast atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.m.t. þjálfun og önnur aðlögun mannauðs, og beinn kostnaður vegna rannsókna og þróunar sem ekki er færður til eignar,

b) er hluti af fjárfestingargjaldaáætluninni um að útvíkka atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eða til að gera atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir kleift að falla að flokkunarkerfinu innan fyrirframákveðins tímaramma eins og mælt er fyrir um í annarri undirgrein þessa liðar 1.1.3.2,

c) í tengslum við kaup á afurðum frá atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og einstakar ráðstafanir sem gera markstarfseminni kleift að verða lágkolefnisstarfsemi eða leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda, sem og einstakar ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga eins og fram kemur í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) í reglugerð (ESB) 2020/852 og að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé komið í framkvæmd og tilbúnar til notkunar innan 18 mánaða.

Fjárfestingargjaldaáætlunin sem um getur í fyrstu málsgrein þessa liðar 1.1.3.2 skal uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í lið 1.1.2.2 í þessum viðauka.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður sem þegar hefur verið færður í lykilárangursmælikvarðann fyrir fjárfestingargjöld skal ekki talinn sem rekstrargjöld.

Teljarinn skal einnig ná yfir þann hluta rekstrargjalda sem ætlaður er fyrir aðlögunina á atvinnustarfsemi að loftslagsbreytingum í samræmi við II. viðauka við framseldu loftslagsgerðina. Teljarinn skal innihalda sundurliðun á þeim hluta rekstrargjalda sem úthlutað er til verulegs framlags til aðlögunar að loftslagsbreytingum.

Ef rekstrargjöldin eru ekki veruleg að því er varðar viðskiptalíkan fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu þessi fyrirtæki:

a) vera undanþegin frá útreikningnum á teljara lykilárangursmælikvarðans fyrir rekstrargjöld í samræmi við lið 1.1.3.2 og birta þann teljara sem verandi jafnt og núll,

b) birta heildarvirði á nefnaranum fyrir rekstrargjöld sem reiknaður er út í samræmi við lið 1.1.3.1,

c) útlista hvers vegna rekstrargjöld eru ekki veruleg að því er varðar viðskiptalíkan þeirra.

1.2. *Forskrift fyrir birtingu upplýsinga sem fylgja með lykilárangursmælikvörðum fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði*

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta eftirfarandi upplýsingar sem fylgja með viðeigandi lykilárangursmælikvörðum.

1.2.1. Reikningsskilastefna

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu útskýra:

a) hvernig velta, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld voru ákvörðuð og úthlutað á teljarann,

b) á hvaða grundvelli velta, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld eru reiknuð út, þ.m.t. hvers konar mat við úthlutun tekna eða gjalda á mismunandi atvinnustarfsemi.

Að því er varðar veltu og fjárfestingargjöld skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði hafa tilvísanir í viðkomandi sérlínu í skýrslunum yfir ófjárhagsleg atriði,

Ef útreikningsaðferðir hafa breyst frá fyrra reikningsskilatímabili skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði útskýra hvers vegna þessar breytingar hafa í för með sér áreiðanlegri og meira viðeigandi upplýsingar og leggja fram endurgerðar samanburðartölur.

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingar um allar verulegar breytingar sem orðið hafa á reikningsskilatímabilinu í tengslum við framkvæmd fjárfestingargjaldaáætlana eins og þær voru birtar í samræmi við lið 1.1.2 í þessum viðauka. Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingar um allt eftirfarandi:

a) verulegar breytingar sem hafa orðið á fjárfestingargjaldaáætluninni og ástæðurnar að baki þeim breytingum,

b) áhrifin af slíkum breytingum á möguleikann fyrir atvinnustarfsemi fyrirtækisins til að falla að flokkunarkerfinu og á tímabilið þegar vænst er að sú breyting eigi sér stað,

c) endurframsetninguna á lykilárangursmælikvörðum fyrir fjárfestingargjöld og rekstrargjöld fyrir hvert fyrra skýrslugjafarár sem fellur undir áætlunina, hvenær sem breytingar á áætluninni höfðu áhrif á þessa lykilárangursmælikvarða.

1.2.2. Mat á hlítingu við reglugerð (ESB) 2020/852

1.2.2.1. Upplýsingar um mat á hlítingu við reglugerð (ESB) 2020/852:

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu:

a) lýsa eðli atvinnustarfsemi sinnar sem flokkunarkerfið nær yfir og atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu með því að vísa í framseldu gerðirnar sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. gr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) í reglugerð (ESB) 2020/852,

b) útskýra hvernig þau mátu hlítingu við viðmiðin sem sett eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og tengdu tæknilegu matsviðmiðin í framseldu gerðunum sem vísað er til í a-lið,

c) útskýra hvernig þau komust hjá tvítalningu við úthlutun í teljara lykilárangursmælikvarða fyrir veltu, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld þvert á atvinnustarfsemi.

1.2.2.2. Framlag til margra markmiða

Ef atvinnustarfsemi leggur sitt af mörkum til mismunandi umhverfismarkmiða skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:

a) sýna fram á að farið sé að viðmiðunum sem sett eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, einkum tæknilegu matsviðmiðunum að því er varðar fleiri umhverfismarkmið,

b) birta upplýsingar um veltu, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld þeirrar starfsemi sem leggur sitt af mörkum til fleiri umhverfismarkmiða,

c) einungis telja einu sinni veltu frá þeirri starfsemi í teljara lykilárangursmælikvarðanna í lið 1.1 í þessum viðauka til að forðast tvítalningu.

1.2.2.3. Sundurliðun lykilárangursmælikvarða

Ef sundurliða á lykilárangursmælikvarða fyrir atvinnustarfsemi, einkum ef framleiðsluaðstaða er notuð á samþættan hátt skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði tryggja að:

a) sundurliðun sé á grundvelli viðmiðana sem eru viðeigandi fyrir framleiðsluferlið sem verið er að innleiða og endurspegli tækniforskriftirnar fyrir það ferli,

b) viðeigandi upplýsingar sem fylgja lykilárangursmælikvörðum um grundvöll slíkrar sundurliðunar séu veittar.

1.2.3. Samhengisbundnar upplýsingar sem varða þetta samhengi

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu útskýra tölurnar í hverjum lykilárangursmælikvarða og ástæðurnar fyrir hvers konar breytingum á þessum tölum á reikningsskilatímabilinu.

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði geta birt viðbótarárangursmælikvarða á grundvelli veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda, sem taka með fjárfestingar í eigin fé sem færðar eru í samrekstrarfélög (e. *joint ventures*), samkvæmt IFRS-staðli 11 eða IAS-staðli 28, í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í eigin fé samrekstrarfélagsins.

1.2.3.1. Samhengisbundnar upplýsingar um lykilárangursmælikvarða fyrir veltu

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu veita upplýsingar um allt eftirfarandi:

a) megindlega sundurliðun á teljaranum til að sýna helstu drifkrafta breytinga á lykilárangursmælikvörðum fyrir veltu á reikningsskilatímabilinu, s.s. tekjur af samningum við viðskiptavini, leigutekjur eða aðrar tekjur,

b) upplýsingar um fjárhæðir í tengslum við starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og er í þágu eigin nota fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði,

c) eigindlega skýringu á lykilþáttum breytinga á lykilárangursmælikvarðanum fyrir veltu á reikningsskilatímabilinu.

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og hafa gefið út umhverfissjálfbær skuldabréf eða skuldagerninga í þeim tilgangi að fjármagna sérstaka tilgreinda starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu skulu einnig birta lykilárangursmælikvarðann fyrir veltu sem er aðlagaður til að komast hjá tvítalningu.

1.2.3.2. Samhengisbundnar upplýsingar um lykilárangursmælikvarðann fyrir fjárfestingargjöld

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu leggja fram megindlega sundurliðun, samandregna fyrir atvinnustarfsemina, á fjárhæðunum í teljaranum og eigindlega skýringu á lykilþáttum breytinga á lykilárangursmælikvarða fyrir fjárfestingargjöld á reikningsskilatímabilinu. Í slíkri sundurliðun skal birta upplýsingar um allt eftirfarandi:

a) samtölu viðbóta við varanlega rekstrarfjármuni, viðbóta við óefnislegar eignir sem verða til innan fyrirtækis, þ.m.t. við sameiningu eða kaup fyrirtækja, viðbóta við fjárfestingareignir sem keyptar eru eða færðar í bókfært verð og, eftir atvikum, viðbóta við eignfærðan nýtingarrétt á eignum,

b) samtölu viðbóta sem tengist kaupum við sameininga fyrirtækja,

c) samtölu útgjalda sem stofnað er til í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og útgjalda sem stofnað er til sem hluti af fjárfestingargjaldaáætlun sem um getur í lið 1.1.2 í þessum viðauka.

Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu birta lykilupplýsingar um hverja og eina fjárfestingargjaldaáætlun þeirra í lið 1.1.2 í þessum viðauka, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) umhverfismarkmiðin sem stefnt er að,

b) atvinnustarfsemina sem um er að ræða,

c) hlutaðeigandi rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarstarfsemi, þar sem við á,

a) með hliðsjón af eignastöðu, á grundvelli vergs bókfærðs heildarverðs lána og fyrirgreiðslna frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar,

b) með hliðsjón af flæði, á grundvelli vergs bókfærðs verðs nýrra lána og fyrirgreiðslna á árinu fyrir viðmiðunardagsetningu birtingar,

c) með sérstakri sundurliðun fyrir starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og umbreytingar- og aðlögunarstarfsemi, og fyrir sérhæfðar lánveitingar.

ii. Hlutfall grænna eigna fyrir skuldagerninga vegna fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði („GAR DS“)

Lánastofnanir skulu reikna út og birta upplýsingar um eftirfarandi þætti fyrir útreikninginn á hlutfalli grænna eigna fyrir þessa tegund áhættuskuldbindinga:

(2)(a) samtölu skuldagerninga fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði, þ.m.t. vergt bókfært verð skuldagerninga á afskrifuðu kostnaðarverði og á gangvirði gegnum heildarafkomu, og skuldagerninga sem ekki eru ætlaðir til veltuviðskipta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,

(2)(b) skuldagerninga fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði, sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir fyrir hvert umhverfismarkmið, þ.m.t. vergt bókfært verð skuldagerninga í viðkomandi reikningsskilaflokkum til fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (ef aðgengilegt, 4. stigs kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins),

(2)(c) skuldagerninga til viðkomandi stofnana sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.m.t. alla skuldagerninga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.m.t. umbreytingarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum.

Fjárhæðina að því er varðar (2)(c) skal reikna út með því að nota eftirfarandi formúlu:

2(c) = (2)(c)(1) + (2)(c)(2) þar sem:

(2)(c)(1) stendur fyrir skuldagerninga þar sem nýting ávinnings er þekkt,

(2)(c)(2) stendur fyrir skuldagerninga þar sem nýting ávinnings er ekki þekkt,

Að því er varðar lið 2(c)(1) skulu lánastofnanir taka tillit til eftirfarandi:

2)(c)(1)(a) Lánastofnanir skulu taka tillit til vergs bókfærðs heildarverðs áhættuskuldbindinga vegna umhverfissjálfbærra skuldabréfa sem gefin eru út í samræmi við löggjöf Sambandsins. Núverandi skuldabréfaútgáfur sem útgefendur flokka sem græn skuldabréf þar sem nýta skal ávinninginn til að fjárfesta í atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir skal meta með hliðsjón af hversu samhæfð atvinnustarfsemi eða fjármögnuð verkefni eru að flokkunarkerfinu, í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852, á grundvelli sértækra upplýsinga sem útgefandi veitir um útgáfu. Lánastofnanir skulu tryggja gagnsæi að því er varðar tegund atvinnustarfsemi sem verið er að fjármagna. Tvítalning er ekki heimil. Ef sama græna skuldabréfið getur varðað tvö umhverfismarkmið skulu lánastofnanir úthluta því á það markmið sem skiptir meira máli.

2)(c)(1)(b) Lánastofnanir skulu taka tillit til vergs bókfærðs verðs skuldagerninga sem fjárfestir eru í áhættuskuldbindingum fyrir verkefnafjármögnun, að því marki sem starfsemi fjármagnaða verkefnisins fellur að flokkunarkerfinu. Matið skal byggjast á sértækum upplýsingum sem útgefandinn veitir um þá útgáfu. Tvítalning er ekki heimil. Ef sama sérhæfða lánaáhættuskuldbindingin getur varðað tvö umhverfismarkmið skulu lánastofnanir úthluta henni á það markmið sem skiptir meira máli. Lánastofnanir skulu tryggja gagnsæi um tegund atvinnustarfsemi sem er fjármögnuð.

Að því er varðar lið (2)(c)(2) skulu lánastofnanir styðjast við lykilárangursmælikvarðann fyrir veltu og lykilárangursmælikvarðann fyrir fjárfestingargjöld sem mótaðilinn skal birta í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar. Fjárhæð skuldagerninga til fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði skal vera samtala vergs bókfærðs verðs allra skuldagerninga þar sem nýting ávinningsins er óþekkt, vegið með hlutfalli atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og sundurliðað eftir umbreytingarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum fyrir hvern mótaðila.

Lánastofnanir skulu reikna út lykilárangursmælikvarða sem lagðir eru til samkvæmt eftirfarandi formúlu fyrir þessa tegund áhættuskuldbindinga:

Fyrsta skref = (2)(b)/(2)(a).

**Annað skref = (2)(c)/(2)(b)**,lánastofnanir skulu birta aðskilið þann hluta lykilárangursmælikvarðans sem vísar til starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og til umbreytingarstarfsemi, eftir því sem við á.

GAR DS = (2)(c)/(2)(a) á grundvelli lykilárangursmælikvarða fyrir veltu, (2)(c)/(2)(a) á grundvelli lykilárangursmælikvarða fyrir fjárfestingargjöld.

Birta skal upplýsingar um eftirfarandi þætti lykilárangursmælikvarða:

a) með hliðsjón af eignastöðu, á grundvelli vergs bókfærðs heildarverðs skuldagerninga frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar,

b) með hliðsjón af flæði, á grundvelli vergs bókfærðs verðs skuldagerninga á árinu fyrir viðmiðunardagsetningu birtingar,

c) með sérstakri sundurliðun fyrir starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og umbreytingarstarfsemi, og fyrir sérhæfðar lánveitingar.

iii. Hlutfall grænna eigna vegna hlutabréfaeignar lánastofnana í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði („GAR EH“)

Lánastofnanir skulu reikna út og birta:

a) hlutfall hlutabréfaeignar í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem stunda atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, miðað við heildarhlutabréfaeign í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði.

Teljarinn skal innihalda vergt bókfært verð þeirrar hlutabréfaeignar sem ekki er ætluð til veltuviðskipta, sem samanstendur af fjáreignum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignum sem eru ekki ætlaðar til veltuviðskipta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og fjárfestingum í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem stunda atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Nefnarinn skal innihalda vergt bókfært heildarverð þeirrar hlutabréfaeignar sem ekki er ætluð til veltuviðskipta, sem samanstendur af fjáreignum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignum sem ekki eru ætlaðar til veltuviðskipta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og fjárfestingum í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði.

b) hlutfall hlutabréfaeignar í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem stunda atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, miðað við hlutabréfaeign í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem stunda atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Teljarinn jafngildir vergu bókfærðu verði hlutabréfaeignar sem ekki er ætluð til veltuviðskipta á grundvelli lykilárangurs-mælikvarða fyrir veltu og lykilárangursmælikvarða fyrir fjárfestingargjöld í tengslum við atvinnustarfsemi fyrirtækisins sem ekki er á fjármálamarkaði sem fellur að flokkunarkerfinu, sem hlutabréfagerningarnir tilheyra.

Nefnarinn skal innihalda vergt bókfært verð hlutabréfaeignar sem ekki er ætluð til veltuviðskipta á grundvelli lykilárangurs-mælikvarða veltu fyrir fyrirtækin sem ekki eru á fjármálamarkaði, sem stunda atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

c) **GAR EH** = Hlutfall hlutabréfaeignar í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, miðað við heildarhlutabréfaeign í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði.

Teljarinn skal jafngilda vergu bókfærðu verði hlutabréfaeignar sem ekki er ætluð til veltuviðskipta, vegið með lykilárangurs-mælikvarða fyrir veltu og fjárfestingargjöld í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eins og fyrirtækið sem ekki er á fjármálamarkaði sem hlutabréfagerningurinn tilheyrir birtir hann.

Nefnarinn skal innihalda vergt bókfært heildarverð fyrir hlutabréfaeign sem ekki er ætluð til veltuviðskipta fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði.

Birta skal upplýsingar um eftirfarandi hlutfallsþætti:

a) með hliðsjón af eignastöðu, á grundvelli vergs bókfærðs heildarverðs hlutabréfaeignar frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar,

b) með hliðsjón af flæði, á grundvelli vergs bókfærðs verðs hlutabréfaeignar á árinu fyrir viðmiðunardagsetningu birtingar,

c) með sérstakri sundurliðun fyrir starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og umbreytingarstarfsemi.

iv. hlutfall grænna eigna af heildarfjármögnun fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði (lánveitingar að viðbættri hlutabréfaeign)

Hlutföllin þrjú fyrir hvert umhverfismarkmið skal birta á grundvelli lykilárangursmælikvarða fyrir veltu og, fyrir skuldagerninga og hlutabréfaeign, á grundvelli lykilárangursmælikvarða undirliggjandi eigna fyrir veltu og fjárfestingargjöld, samantekið fyrir alla fjármögnun gerninga á efnahagsreikningi, þ.m.t. hlutabréfaeign, í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði.

Teljari og nefnari hlutfallanna skal innihalda vergt bókfært verð lána og fyrirgreiðslna, skuldagerninga og hlutabréfaeignar sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

1.2.1.2. Hlutfall grænna eigna fyrir útlánastarfsemi til fyrirtækja á fjármálamarkaði og hlutabréfaeign í fyrirtækjum á fjármálamarkaði.

Hlutfall grænna eigna fyrir útlánastarfsemi vegna hlutabréfaeignar í fyrirtækjum á fjármálamarkaði skal reikna út sem hlutfall lána og fyrirgreiðslna, skuldagerninga og hlutabréfaeignar í viðkomandi bókhaldslegum eignasöfnum sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu fyrir hvert umhverfismarkmið, í samanburði við lán og fyrirgreiðslur, skuldagerninga og hlutabréfaeign vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði alls.

Þetta hlutfall grænna eigna skal innihalda upplýsingar um mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum, sundurliðað eftir starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum. Að því er varðar mótvægi við loftslagsbreytingar skal hlutfall grænna eigna einnig innihalda upplýsingar um umbreytingarstarfsemi og aðlögunarstarfsemi. Að því er varðar þá starfsemi sem stuðlar að mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum og öðrum umhverfismarkmiðum skulu lánastofnanir einnig veita upplýsingar um eignastöðu og flæði.

Teljara hlutfalls grænna eigna fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði skal reikna út á grundvelli lykilárangursmælikvarða mótaðila, sem reiknaðir eru út samkvæmt þessari reglugerð. Fjárhæð lána og fyrirgreiðslna, skuldagerninga og hlutabréfaeignar í viðkomandi bókhaldslegum eignasöfnum vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði, sem skal tekin með í teljara hlutfallsins, skal vera samtala vergs bókfærðs verðs þeirra, vegið með hlutfalli atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og sundurliðað eftir umbreytingarstarfsemi, aðlögunarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum fyrir hvern mótaðila.

Ef mótaðilinn er önnur lánastofnun skulu lykilárangursmælikvarðar á grundvelli veltu og fjárfestingargjalda sem notaðir eru vera vergt bókfært verð skuldagerninga, lána og fyrirgreiðslna og hlutabréfaeignar í viðkomandi bókhaldslegum eignasöfnum, vegið með „Heildarhlutfalli grænna eigna mótaðilans eins og það er skilgreint í þætti“, sem er vergt bókfært verð margfaldað með „Heildarhlutfalli grænna eigna“ mótaðilans.

Ef mótaðilinn er verðbréfafyrirtæki skal eftirfarandi útreikningur á lykilárangursmælikvarða gilda á grundvelli hlutfalls þjónustu af tekjum verðbréfafyrirtækis:

a) fyrir verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning í samræmi við þátt A í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]) skal vergt bókfært verð skuldagerninga, lána og fyrirgreiðslna og hlutabréfaeignar vegið með hlutfalli grænna eigna á grundvelli veltu og fjárfestingargjalda sem verðbréfafyrirtæki birta, þ.e. verga bókfærða verðið er margfaldað með „virði fjárfesta eigna (skuldagerninga, hlutabréfagerninga, ígildi handbærs fjár og afleiða) í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem hlutfall af öllum fjárfestum eignum“.

b) fyrir önnur verðbréfafyrirtæki en þau sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning í samræmi við þátt A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal vergt bókfært verð skuldagerninga, lána og fyrirgreiðslna og hlutabréfaeignar vegið með lykilárangursmælikvarðanum fyrir tekjur á grundvelli veltu og fjárfestingargjalda, þ.e. þóknanir, umboðstekjur og annar fjárhagslegur ávinningur, sem verðbréfafyrirtækið birtir, þ.e. verga bókfærða verðið er margfaldað með „þóknunum, umboðstekjum og öðrum fjárhagslegum ávinningi vegna þjónustu og starfsemi við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem hlutfall af þóknunum, umboðstekjum og öðrum fjárhagslegum ávinningi alls af allri þjónustu og starfsemi“.

Ef mótaðilinn er eignastýringaraðili skulu lykilárangursmælikvarðar á grundvelli veltu og fjárfestingargjalda vera vergt bókfært verð skuldagerninga, lána og fyrirgreiðslna og hlutabréfaeignar, vegið með hlutfalli fjárfestinga mótaðila í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eins og tilgreint er í III. og IV. viðauka við þessa reglugerð, þ.e. verga bókfærða verðið er margfaldað með hlutfalli heildarfjárfestinga eignastýringaraðila.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

Ef um er að ræða félög sem fjárfest er í sem eru vátrygginga- eða endurtryggingafélög skal viðmiðunin vera fjárfestingar, verg bókfærð iðgjöld eða, eftir því sem við á, vátryggingatekjur alls, eins og leiðir af útreikningnum á annaðhvort lykilárangursmælikvarða fjárfestinga á grundvelli veltu eða fjárfestingargjalda eða lykilárangursmælikvarða trygginga fyrir félag sem fjárfest er í, í samræmi við XI. og X. viðauka við þessa reglugerð.

Nefnarinn skal vera vergt bókfært heildarverð lána og fyrirgreiðslna, skuldagerninga og hlutabréfaeignar í viðkomandi bókhaldslegum eignasöfnum fyrirtækja á fjármálamarkaði.

1.2.1.3. Hlutfall grænna eigna fyrir smásöluáhættuskuldbindingar

Hlutfall grænna eigna fyrir smásöluáhættuskuldbindingar í formi lána vegna íbúðarhúsnæðis eða endurnýjunar húsnæðis skal reiknað út sem hlutfall lána til heimila sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði eða sem veitt eru til endurnýjunar húsnæðis og sem falla að flokkunarkerfinu í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin fyrir byggingar, þ.e. endurnýjun og kaup og eignarhald, í samræmi við liði 7.2, 7.3, 7.4, 7.5, 7.6, og 7.7, eftir því sem við á, í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina, í samanburði við heildarlánveitingar til heimila sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði eða sem veitt eru í tilgangi endurnýjunar á húsnæði. Þetta hlutfall grænna eigna skal innihalda upplýsingar um umbreytingarstarfsemi og upplýsingar um eignastöðu og flæði. Þetta hlutfall grænna eigna skal einungis gilda um fjárfestingar sem varða mótvægi við loftslagsbreytingar.

Hlutfall grænna eigna fyrir smásöluáhættuskuldbindingar gagnvart neyslulánum vegna bílalána skal reikna út sem hlutfall lána sem fjármagna bíla og uppfylla tæknilegu matsviðmiðin eins og mælt er fyrir um í þætti 6.5 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina. Þetta hlutfall grænna eigna skal innihalda upplýsingar um umbreytingarstarfsemi og upplýsingar um lánsafn aðeins þeirra lána sem veitt voru eftir [dagurinn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda] og flæði lána. Þetta hlutfall grænna eigna skal einungis gilda um fjárfestingar sem varða mótvægi við loftslagsbreytingar.

lykilárangursmælikvarðar fyrir smásöluáhættuskuldbindingar sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu skulu einungis gilda fyrir markmiðið um mótvægi við loftslagsbreytingar.

i. ***Lánveitingar vegna íbúðarhúsnæðis***

Birting lánastofnana á upplýsingum um lykilárangursmælikvarða skal ná yfir smásölulánasafnið, einkum veðlánasafnið. Þennan lykilárangursmælikvarða skal birta að teknu tilliti til hlítingu við tæknilegu matsviðmiðin fyrir byggingar eins og mælt er fyrir um í þáttum 7.2, 7.3, 7.4, 7.5, 7.6 og 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina.

Lánastofnanir skulu birta lykilárangursmælikvarðann fyrir lánasafnið vegna íbúðarhúsnæðis sem hlutfall lána til heimila sem veðtryggð eru með íbúðarhúsnæði sem stuðlar að umhverfismarkmiðinu um mótvægi við loftslagsbreytingar eins og mælt er fyrir um í þáttum 7.2, 7.3, 7.4, 7.5, 7.6 og 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina, í samanburði við heildarlán til heimila sem veðtryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

Lánastofnanir skulu birta upplýsingar um lánasafnið frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar og upplýsingar um flæði nýrra lánveitinga á birtingartímabilinu.

Teljari hlutfallsins skal innihalda vergt bókfært verð lána vegna íbúðarhúsnæðis sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin í þætti 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina.

Í teljara hlutfalls lánastofnana skal einnig taka tillit til þeirra lána sem veitt eru til endurnýjunar á byggingum eða húsnæði í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin fyrir byggingar, í samræmi við þætti 7.2, 7.3, 7.4, 7.5 og 7.6 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina.

Nefnarinn skal innihalda vergt bókfært heildarverð lána til heimila sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði til viðbótar við vergt bókfært heildarverð lána til heimila til endurnýjunar húsnæðis, jafnframt sem forðast er að tvítelja ef hið síðarnefnda eru veðtryggð lán.

ii. ***Smásala – neyslulán vegna bifreiðakaupa***

Lánastofnanir skulu birta lykilárangursmælikvarða fyrir lán sem veitt eru til heimila vegna kaupa á vélknúnu ökutæki (bílalán). Lykilárangursmælikvarði skal vera hlutfall lána í tengslum við bifreiðar, sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin í samræmi við þátt 6.5 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina.

Lánastofnanir skulu taka tillit til þeirra bílalána sem veitt eru frá deginum sem birtingarkröfurnar koma til framkvæmda, bæði fyrir lykilárangursmælikvarðann fyrir lánasafnið og ný lán. Ekki skal taka tillit til uppfærslu á lánasafni þeirra lána sem veitt voru fyrir daginn sem birtingarkröfurnar koma til framkvæmda.

1.2.1.4. Hlutfall grænna eigna fyrir lán og fyrirgreiðslur sem fjármagna húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera og aðrar sérhæfðar lánveitingar til opinberra aðila

Ef lánastofnanir eru með viðskiptalíkan sem byggist að miklu leyti á því að fjármagna húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera skulu þær birta lykilárangursmælikvarða varðandi þann hluta sem uppfyllir tæknilegu matsviðmiðin í samræmi við þátt 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina, fyrir byggingar sem lánastofnunin fjármagnar. Lánastofnunin skal meta og birta þetta hlutfall grænna eigna sem hlutfall lána til sveitarfélaga sem fjármagna húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin í samræmi við þátt 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina, í samanburði við heildarlán til sveitarfélaga sem fjármagna húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera. Lánastofnunin skal láta fylgja með upplýsingar um eignastöðu og flæði.

Aðferðafræðin fyrir útreikning á teljara og nefnara skal vera sú sama og aðferðafræðin fyrir lánveitingar vegna íbúðarhúsnæðis.

Að því er varðar fjármögnun annarrar starfsemi og eigna en húsnæðiskerfis á vegum hins opinbera skulu lánastofnanir taka tillit til vergs bókfærðs verðs áhættuskuldbindinganna fyrir verkefnafjármögnun vegna opinbera yfirvaldsins að því marki og hlutfalli sem fjármagnaða verkefnið fjármagnar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Matið á því hvort farið sé að kröfunum skal byggjast á upplýsingum sem opinbera yfirvaldið veitir um verkefnið eða starfsemina sem ávinningurinn verður notaður í. Lánastofnanir skulu veita upplýsingar um tegund atvinnustarfsemi sem er fjármögnuð. Tvítalning skal ekki heimiluð. Ef sama sérhæfða lánaáhættuskuldbindingin varðar tvö umhverfismarkmið skulu lánastofnanir úthluta henni á það markmið sem skiptir meira máli.

1.2.1.5. Aðrar áhættuskuldbindingar á efnahagsreikningi – Haldlagðar fasteignatryggingar

Lánastofnanir skulu birta lykilárangursmælikvarðann fyrir þann hluta eignasafns þeirra af haldlögðum fasteignatryggingum í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin í þætti 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsgerðina, sem haldið er til sölu fyrir umhverfismarkmiðið um mótvægi við loftslagsbreytingar, sem hlutfall af haldlögðum fasteigna-tryggingum í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin í þætti 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsgerðina, í samanburði við haldlagðar fasteignatryggingar í atvinnu- og íbúðarhúsnæði alls.

Lánastofnanir skulu birta upplýsingar um lánasöfn frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar og upplýsingar um flæði nýrra eigna á birtingartímabilinu.

Teljari hlutfallsins skal innihalda vergt bókfært verð haldlagðra fasteignatrygginga í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem uppfylla tæknilegu matsviðmiðin fyrir byggingar í þætti 7.7 í I. viðauka við framseldu loftslagsreglugerðina.

Nefnarinn skal innihalda vergt bókfært heildarverð haldlagðra fasteignatrygginga í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem lánastofnunin heldur til sölu.

Lánastofnanir skulu birta upplýsingar um lánasöfn frá og með viðmiðunardagsetningu birtingar og upplýsingar um flæði nýrra lánveitinga á birtingartímabilinu.

1.2.1.6. Samantekið hlutfall grænna eigna

Lánastofnanir skulu birta upplýsingar um samantekið hlutfall grænna eigna. Það skal endurspegla uppsafnað virði lykilár-angursmælikvarða á grundvelli áhættuskuldbindinga, með því að taka með í teljarann samanteknar eignir á efnahagsreikningi fyrir utan áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr. 7. gr. og með því að bæta við í samantekna teljarann teljurunum fyrir umhverfissjálfbærrar áhættuskuldbindingar í lykilárangursmælikvörðum á grundvelli áhættuskuldbindinga:

a) samanteknu hlutfalli grænna eigna fyrir fjármögnunarhreyfingar sem beint er að fyrirtækjum á fjármálamarkaði, fyrir öll umhverfismarkmiðin,

b) samanteknu hlutfalli grænna eigna fyrir fjármögnunarhreyfingar sem beint er að fyrirtækjum sem ekki eru á fjármála-markaði, fyrir öll umhverfismarkmiðin,

c) hlutfalli grænna eigna fyrir áhættuskuldbindingar vegna íbúðarhúsnæðis, þ.m.t. lána til endurnýjunar húsnæðis, vegna markmiðsins um mótvægi við loftslagsbreytingar,

d) hlutfalli grænna eigna fyrir smásölubílalán, vegna markmiðsins um mótvægi við loftslagsbreytingar,

e) hlutfalli grænna eigna fyrir lán til sveitarfélaga til fjármögnunar húsnæðis og aðrar sérhæfðar lánveitingar,

f) hlutfalli grænna eigna fyrir haldlagðar fasteignatryggingar í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem haldið er til sölu.

Ásamt með samanteknu hlutfalli grænna eigna skulu lánastofnanir birta hlutfall eigna sem eru undanskildar úr teljara hlutfalls grænna eigna í samræmi við 2. og 3. mgr. 7. gr. og þætti 1.1.2 í þessum viðauka.

1.2.2. *lykilárangursmælikvarðar fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings*

Lánastofnanir skulu birta viðbótarhlutfall með hliðsjón af stigi tengsla við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings sem lánastofnanir stýra og miðla eða stuðla að miðlun fjármagnsstreymi til atvinnustarfsemi þar sem unnt er að meta umhverfislega sjálfbærni í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852:

a) fjárhagslegar tryggingar vegna lána og fyrirgreiðslna og annarra skuldagerninga til fyrirtækja og

b) eignir í stýringu.

1.2.2.1. Hlutfall grænna eigna fyrir fjárhagslegar tryggingar til fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði (lykilárangursmælikvarði fjárhagslegra trygginga (FinGuar KPI))

Hlutfall grænna eigna fyrir fjárhagslegar tryggingar til fyrirtækja skal skilgreina sem hlutfall fjárhagslegra trygginga sem styðja við skuldagerninga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, í samanburði við allar fjárhagslegar tryggingar sem styðja við skuldagerninga til fyrirtækja. Þetta skal innihalda upplýsingar um eignastöðu og flæði. Að því er varðar mótvægi við loftslagsbreytingar skal þetta einnig innihalda upplýsingar um hvaða starfsemi gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og um umbreytingarstarfsemi. Fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum skal þetta einnig innihalda upplýsingar um hvaða starfsemi gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og um aðlögunarstarfsemi.

Aðferðafræðin fyrir útreikning á lykilárangursmælikvarða fyrir fjárhagslegar tryggingar skal vera sú sama og aðferðafræðin sem tilgreind er fyrir lykilárangursmælikvarða fyrir lán og fyrirgreiðslur og/eða skuldagerninga til fyrirtækja, en henni skal beitt á undirliggjandi lán og fyrirgreiðslur/skuldagerninga sem lánastofnunin styður.

1.2.2.2. Hlutfall grænna eigna í stýringu (lykilárangursmælikvarði eigna í stýringu (AuM KPI))

Hlutfall grænna eigna fyrir eignir í stýringu skal vera hlutfall eigna í stýringu (hlutabréfa- og skuldagerningar) frá fyrirtækjum sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, í samanburði við heildareignir í stýringu (hlutabréfa- og skuldagerningar). Þetta skal innihalda upplýsingar um eignastöðu og flæði. Að því er varðar mótvægi við loftslagsbreytingar skal þetta einnig innihalda upplýsingar um hvaða starfsemi gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og um umbreytingarstarfsemi. Að því er varðar aðlögun að loftslagsbreytingum skal þetta einnig innihalda upplýsingar um hvaða starfsemi gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og um aðlögunarstarfsemi.

Aðferðafræðin fyrir útreikning á lykilárangursmælikvarða eigna í stýringu skal vera sú sama og aðferðafræðin fyrir eignastýringaraðila í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

1.2.3. *Lykilárangursmælikvarðar fyrir aðra þjónustu en lánveitingar – Þóknanir og umboðstekjur (lykilárangursmælikvarði þóknana og umboðstekna (F&C KPI))*

Lykilárangursmælikvarðann fyrir þóknanir og umboðstekjur sem tengjast þjónustu sem varðar atvinnustarfsemi fyrirtækja sem fellur að flokkunarkerfinu skal skilgreina sem hlutfall þóknana og umboðstekna lánastofnunar frá fyrirtækjum, sem stafa af öðrum afurðum eða annarri þjónustu en lánveitingum sem tengjast atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, í samanburði við þóknanir og umboðstekjur alls frá fyrirtækjum vegna annarra afurða eða þjónustu en lánveitingum.

Lánastofnanir skulu birta upplýsingar um þóknanir og umboðstekjur sem tengjast annarri veittri þjónustu en lánveitingum og eignastýringu, þ.m.t. eftirfarandi þjónustu (eins og tilgreind af stofnunum í samræmi við sniðmát 22.1 „Þóknanir og umboðstekjur og útgjöld eftir starfsemi“ sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014):

a) útgáfu eða annarri þjónustu í tengslum við verðbréf þriðja aðila,

b) viðtöku, yfirfærslu og framkvæmd fyrir hönd viðskiptavina á fyrirmælum um kaup eða sölu verðbréfa,

c) ráðgjafarþjónustu vegna samruna eða kaupa fyrirtækja,

d) fjármálaþjónustu fyrirtækja í tengslum við ráðgjöf vegna fjármagnsmarkaðar fyrir viðskiptavini fyrirtækja eða annarra,

e) þóknanir vegna einkabankaþjónustu,

f) stöðustofnunar- og uppgjörsþjónustu,

g) vörslu og aðra tengda þjónustu,

h) greiðsluþjónustu,

i) þóknanir og umboðstekjur fyrir dreifingu afurða sem eru gefnar út af stofnunum utan samstæðunnar til núverandi viðskiptavina hennar,

j) lánaþjónustustarfsemi,

k) þjónustu í tengslum við erlendan gjaldeyri og alþjóðleg viðskipti.

Teljari lykilárangursmælikvarðans skal innihalda þóknanir og umboðstekjur eins og tilgreint er í 284. mgr. V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014, vegna annarrar þjónustu en lánveitinga og eignastýringar sem veitt er fyrirtækjum, í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Þetta skal metið með því að vega þóknanir og umboðstekjur frá hverjum mótaðila með hlutfalli veltu og fjárfestingargjalda fyrirtækisins í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og sem stuðlar að viðkomandi umhverfismarkmiði eins og fyrirtækið birtir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði skal beita sama hlutfalli fyrir mótaðilann og fyrir lykilárangurs-mælikvarðana fyrir þessi fyrirtæki.

Nefnarinn skal vera heildarfjárhæð þóknana og umboðstekna frá fyrirtækjum vegna annarra afurða og þjónustu en lánveitinga og eignastýringar.

1.2.4. *Aðrar upplýsingar í hlutfalli grænna eigna: Hlutfall grænna eigna fyrir viðskiptasafnið*

Viðskiptasafnið skal undanskilið frá nefnaranum og umfangi heildarhlutfalls grænna eigna.

Lánastofnanir skulu veita útskýringar á fjárfestingarstefnunni að því er varðar viðskiptasafn þeirra, heildarsamsetningu og um hvers konar leitni að því er varðar ráðandi geira og tengsl þeirra við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Þær skulu einnig útskýra mögulegar takmarkanir að því er varðar loftslags- og umhverfisáhættu með hliðsjón af stigi tengsla við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og hvernig þær stýra umhverfisáhættu sem gæti haft áhrif á virði eignasafnsins.

Ef viðskiptasafn gegnir mikilvægu hlutverki í viðskiptalíkani lánastofnunarinnar, einkum ef lánastofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a í þeirri reglugerð, skulu lánastofnanir birta megindlegar upplýsingar og lykilárangursmælikvarða sem sýna að hvaða marki stofnunin stundar viðskipti með umhverfissjálfbærar eignir og að hve miklu leyti hún stuðlar að auknum viðskiptum með þess konar eignir.

Lánastofnanir skulu einnig birta eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarviðskipti á birtingartímabilinu með gerninga sem falla að flokkunarkerfinu, þ.m.t. hrein kaup að viðbættri hreinni sölu á umhverfissjálfbærum verðbréfum,

b) heildarviðskipti á birtingartímabilinu með verðbréf, þ.m.t. hrein kaup alls að viðbættri hreinni sölu alls á verðbréfum.

Hrein kaup að viðbættri hreinni sölu á umhverfissjálfbærum verðbréfum skulu tekin með í teljara tiltekins hlutfalls grænna eigna fyrir viðskiptasafn lánastofnunarinnar. Hrein kaup að viðbættri hreinni sölu alls á verðbréfum skulu tekin með í nefnara hlutfalls grænna eigna fyrir viðskiptasafnið.

Meta skal þann hluta teljara hlutfalls grænna eigna fyrir viðskiptasafnið með því að vega vergt bókfært verð skuldagerninganna og hlutabréfagerninganna, sem eru keyptir og/eða seldir, frá hverjum mótaðila með hlutfalli veltu og fjárfestingargjalda fyrirtækisins í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og sem stuðlar að viðkomandi umhverfismarkmiði eins og fyrirtækið birtir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og þessa reglugerð. Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði skal beita sama hlutfalli fyrir mótaðilann og fyrir viðkomandi lykilárangursmælikvarða fyrir þessa mótaðila.

_____

*VI. VIÐAUKI*

**SNIÐMÁT FYRIR LYKILÁRANGURSMÆLIKVARÐA LÁNASTOFNANA**

| Númer sniðmáts | Nafn |
|---|---|
| 0 | Samantekt lykilárangursmælikvarða |
| 1 | Eignir fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna |
| 2 | Upplýsingar um hlutfall grænna eigna eftir geirum |
| 3 | Helsti árangursmælikvarði fyrir hlutfall grænna eigna af eignastöðu |
| 4 | Lykilárangursmælikvarði fyrir hlutfall grænna eigna í flæði |
| 5 | Lykilárangursmælikvarði fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings |
| 6 | Lykilárangursmælikvarði fyrir þóknanir og umboðstekjur vegna annarrar þjónustu en lánveitinga og eignastýringar |
| 7 | Lykilárangursmælikvarði veltubókarsafns |

**0. Samantekt lykilárangursmælikvarða sem lánastofnanir eiga að birta skv. 8. gr. reglugerðarinnar um flokkunarkerfið**

| | | **Umhverfissjálfbærar eignir alls** | **Lykilárangurs-mælikvarðar****** | **Lykilárangurs-mælikvarðar******* | **% þekju (yfir heildareignir)***** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lykilárangurs-mælikvarðar** | **Hlutfall grænna eigna (GAR) af eignastöðu** | | | | |

| | | Umhverfissjálfbær starfsemi alls | Lykilárangurs-mælikvarði | Lykilárangurs-mælikvarði | % þekju (yfir heildareignir) |
|---|---|---|---|---|---|
| *Viðbótarárangurs mælikvarðar* | *Hlutfall grænna eigna (flæði)* | | | | |
| | *Veltubók** | | | | |
| | *Fjárhagslegar tryggingar* | | | | |
| | *Eignir í stýringu* | | | | |
| | *Þóknanir og umboðstekjur*** | | | | |

* Fyrir lánastofnanir sem uppfylla ekki skilyrðin í 1. mgr. 94. gr. reglugerðarinnar um eiginfjárkröfur (CRR) eða skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a í reglugerðinni um eiginfjárkröfur

**Þóknanir og umboðstekjur vegna annarrar þjónustu en lánveitinga og eignastýringar

Stofnanir skulu birta upplýsingar þar sem horft er til framtíðar fyrir þessa lykilárangursmælikvarða, þ.m.t. upplýsingar um markmið, ásamt viðeigandi útskýringum á aðferðafræðinni sem er beitt.

*** % eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann yfir heildareignum banka

**** á grundvelli lykilárangursmælikvarða veltu fyrir mótaðila

***** á grundvelli lykilárangursmælikvarða fjárfestingargjalda fyrir mótaðila, nema fyrir útlánastarfsemi þar sem lykilárangursmælikvarði veltu fyrir almennar lánveitingar er notaður

**1. athugasemd: Þvert á skýrslugjafarsniðmátin: skyggða reiti með svörtu ætti ekki að setja fram.**

**2. athugasemd: Lykilárangursmælikvarðar fyrir Þóknanir og umboðstekjur (blað 6) og Veltubók (blað 7) skulu ekki taka gildi fyrr en 2026. Innfelling lítilla og meðalstórra fyrirtækja í þessa lykilárangursmælikvarða mun einungis koma til framkvæmda með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu áhrifamats.**

2. **Upplýsingar um hlutfall grænna eigna eftir geirum**

| | a | b | c | e | f | h | i | k | l | n | o | q | r |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Sundurliðun eftir geira - Fjögurra tölustafa þrep atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (kóði og merkimiði) | **Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM)** | | | | **Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA)** | | | | **ALLS (CCM + CCA)** | | | |
| | | Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga) | | Lítil og meðalstór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki sem ekki falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga | | Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga) | | Lítil og meðalstór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki sem ekki falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga | | Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga) | | Lítil og meðalstór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki sem ekki falla undir tilskipunina um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga | |
| | | Vergt bókfært verð | | Vergt bókfært verð | | Vergt bókfært verð | | Vergt bókfært verð | | Vergt bókfært verð | | Vergt bókfært verð | |
| | | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCM) | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCM) | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCA) | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCA) | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCM + CCA) | Milljónir evra | Þar af umhverfis-sjálfbær (CCM + CCA) |
| 1 | | | | | | | | | | | | | |
| 2 | | | | | | | | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | | | | | | |
| 4 | | | | | | | | | | | | | |
| … | | | | | | | | | | | | | |

1. Lánastofnanir skulu í þessu sniðmáti birta upplýsingar um áhættuskuldbindingar í fjárfestingarbókinni til þeirra geira sem falla undir flokkunarkerfið (upplýsingar á 4. stigi atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins), með því að nota viðeigandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins á grundvelli meginstarfsemi mótaðilans

2. Geiri mótaðilans samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins skal alfarið byggja á eðli næsta mótaðila. Flokkun áhættuskuldbindinganna sem fleiri en einn lánþegi stofna til sameiginlega skal vera á grundvelli einkenna þess loforðsgjafa sem hefur meira vægi, eða er meira afgerandi, fyrir stofnunina að veita áhættuskuldbindinguna. Dreifing áhættuskuldbindinga sem stofnað er til sameiginlega eftir kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins skal ráðast af einkennum þess loforðsgjafa sem hefur meira vægi eða er meira afgerandi. Stofnanir skulu birta upplýsingar eftir kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins á því stigi sundurliðunar sem krafist er í sniðmátinu.

## 4. Lykilárangursmælikvarði fyrir hlutfall grænna eigna í flæði

1. Lánastofnanir skulu í þessu sniðmáti birta upplýsingar um lykilárangursmælikvarða fyrir hlutfall grænna eigna um lánaflæði reiknað út (ný lán á hreinum grunni) á grundvelli gagna sem birt eru í sniðmáti 1, um umfang eigna, og með því að beita formúlunum sem settar eru fram í þessu sniðmáti

| | | a | b | c | d | e | f | g | h | i | j | k | l | m | n | o | p |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Viðmiðunardagsetning birtingar T | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM) | | | | | Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA) | | | | | ALLS (CCM + CCA) | | | | | |
| | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | |
| | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | | |
| % (í samanburði við flæði hæfra eigna alls) | | | | Þar af sérhæfðar lánveitingar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum | | | Þar af sérhæfðar lánveitingar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum | | | Þar af sérhæfðar lánveitingar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum | Hlutfall heildarumfangs nýrra eigna |
| 1 | **Hlutfall grænna eigna - Umfang eigna í bæði teljara og nefnara** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2 | Lán og fyrirgreiðslur, skuldageringar og hlutabréfageringar sem ekki eru ætluð til veltuviðskipta, en eru hæf fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 3 | **Fjármálafyrirtæki** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4 | Lánastofnanir | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5 | Lán og fyrirgreiðslur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 6 | Skuldageringar, þ.m.t. nýting ávinnings | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 7 | Hlutabréfageringar | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 8 | Önnur fjármálafyrirtæki | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 9 | þar af verðbréfafyrirtæki | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 10 | Lán og fyrirgreiðslur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 11 | Skuldageringar, þ.m.t. nýting ávinnings | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 12 | Hlutabréfageringar | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 13 | þar af rekstrarfélög | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 14 | Lán og fyrirgreiðslur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 15 | Skuldageringar, þ.m.t. nýting ávinnings | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 16 | Hlutabréfageringar | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 17 | þar af vátryggingafélög | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 18 | Lán og fyrirgreiðslur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 19 | Skuldageringar, þ.m.t. nýting ávinnings | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 20 | Hlutabréfageringar | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 21 | **Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 22 | Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki sem falla undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 23 | Lán og fyrirgreiðslur | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 24 | Skuldageringar, þ.m.t. nýting ávinnings | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 25 | Hlutabréfageringar | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 26 | **Heimili** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 27 | þar af lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 28 | þar af lán til endurnýjunar bygginga | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 29 | þar af lán vegna kaupa á vélknúnu ökutæki | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 30 | **Fjármögnun sveitarfélaga** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 31 | Trygging sem fengin er með yfirtöku á: íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 32 | Önnur fjármögnun sveitarfélaga | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 49 | **Hlutfall grænna eigna alls** | | | | | | | | | | | | | | | | |

## 5. Lykilárangursmælikvarði fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings

| | | a | b | c | d | e | f | g | h | i | j | k | l | m | n | o |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Viðmiðunardagsetning birtingar T | | | | | | | | | | | | | | |
| | | Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM) | | | | | Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA) | | | | | ALLS (CCM + CCA) | | | | |
| | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | |
| | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | | | Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu) | | | |
| % (í samanburði við hæfar eignir alls utan efnahagsreiknings) | | | | Þar af sérhæfðar lánveitingar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-mark-miðum | | | Þar af sérhæfðar lánveitingar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-mark-miðum | | | Þar af sérhæfðar lánveiting-ar | Þar af umbreyting | Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-mark-miðum |
| 1 | Fjárhagslegar tryggingar (lykilárangursmælikvarði fyrir fjárhagslegar tryggingar (FinGuar)) | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2 | Eignir í stýringu (lykilárangursmælikvarði fyrir eignir í stýringu (AuM)) | | | | | | | | | | | | | | | |

1. Lánastofnanir skulu í þessu sniðmáti birta lykilárangursmælikvarða fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings (fjárhagslegar tryggingar og eignir í stýringu) reiknað út á grundvelli gagna sem birt eru í sniðmáti 1, um umfang eigna, og með því að beita formúlunum sem settar eru fram í þessu sniðmáti

## 6. lykilárangursmælikvarði fyrir þóknanir og umboðstekjur vegna annarrar þjónustu en lánveitinga og eignastýringar

| | | a | b | c | e | f | g | h | j | k | l | m | n | o | p | q | r | s | t | u | v | w | x | y | z | aa | ab |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Lykilárangursmælikvarði fyrir þóknanir og umboðstekjur (F&C) - Viðmiðunardagsetning birtingar T | | | | | | | | | | | | | Lykilárangursmælikvarði fyrir þóknanir og umboðstekjur (F&C) - Viðmiðunardagsetning birtingar T-1 | | | | | | | | | | | | |
| | | Alls (Milljónir evra) | Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM) | | | | Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA) | | | | ALLS (CCM + CCA) | | | | Alls (milljónir evra) | Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM) | | | | Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA) | | | | ALLS (CCM + CCA) | | | |
| | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | | Þar af til geira sem varða flokkunarkerfi (%) (flokkunarkerfið nær yfir) | | | |
